



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**6. fundur Stefnuráðs byggðasamlaganna
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 13. mars 2023
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Björg Fenger, Dagur B. Eggertsson, Lovísa Jónsdóttir, Orri Vignir Hlöðversson, Rósa Guðbjartsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Einar Þorsteinsson, Líf Magneudóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, ritari Stefnuráðs byggðasamlaganna

Dagskrá:

1. Stefnuráð - Úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu - 2209003

Framhald umræðna frá 5. fundi. Fjallað er um næstu skref verkefnis á sviði úrgangsmála á grundvelli fyrirbyggjandi tillagna frá formönnum Stefnuráðs. A) og C) liðir voru samþykktir á 5. fundi, en B) liður hefur verið uppfærður m.t.t. umræðna á 5. fundi og er lagður fram til afgreiðslu. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og annar formanna stefnuráðs kynnir fyrirbyggjandi tillögur. Þorkell Sigurlaugsson kynnir breytingartillögur sínar. Umræður. Niðurstöður umræðu fundarins eru eftirfarandi: Liður A) verði útvíkkaður þannig að sérfræðingahóp verði falið aukið umboð. Liður B) verði útfærður þannig að stjórn Sorpu bs. verði eftir sem áður kleift að sinna stefnumótunarferli fyrirtækisins. Liður C) verði óbreyttur frá fyrri tillögum. Formönnum ásamt framkvæmdastjóra SSH falið að fullgera tillögurnar m.t.t. þessa og leggja fyrir stefnuráð til samþykktar.

Niðurstaða:

*Liður A) verði útvíkkaður þannig að sérfræðingahóp verði falið aukið umboð.
Liður B) verði útfærður þannig að stjórn Sorpu bs. verði eftir sem áður kleift að sinna stefnumótunarferli fyrirtækisins.
Liður C) verði óbreyttur frá fyrri tillögum.
Formönnum ásamt framkvæmdastjóra SSH falið að fullgera tillögurnar m.t.t. þessa og leggja fyrir stefnuráð til samþykktar.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026